



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



FUNDUR VÍSINDAMANNARÁÐS ALMANNAVARNA

Dags: 24.02.2015

Kl.: 09:30

Staðsetning: Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð.

Fundarefni: Umbrotin í Bárðarbungu

Fundinn sátu: Vísindamenn frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans, ásamt fulltrúum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Umhverfisstofnun og Embætti Sóttvarnarlænis.

Meginefni fundar

- Eldgosið í Holuhrauni
- Loftgæði
- Sviðsmyndir

Fundargerð

- Mjög illa hefur sést til gosstöðvanna í Holuhrauni síðustu daga vegna veðurs.
- Áfram dregur úr jarðskjálftavirkni í Bárðarbungu þó enn teljist hún mikil. Stærsti skjálftinn frá því á föstudag mældist M3,7 á laugardag, 21. febrúar, kl. 15:20. Tveir aðrir skjálftar mældust stærri en M3,0 á tímabilinu. Alls hafa um 60 skjálftar mælst í Bárðarbungu frá því á föstudag. Tveir djúpir skjálftar mældust um 18 km suðaustur af Bárðarbungu. Sá fyrri þann 20. febrúar kl. 02:50 á um 19 km dýpi og sá síðari þann 21. febrúar kl. 21:55 á um 16 km dýpi. Ekki hefur mælst skjálfti yfir M5,0 að stærð frá 8. janúar.
- Í kvikuganginum hafa mælst um 90 skjálftar frá því á föstudag. Þeir stærstu mældust M1,6 að stærð. Rétt er að taka fram að það er mjög háð veðri hve margir smáskjálftar mælast.
- Sig öskju Bárðarbungu er nú minna en 2 cm á dag. Taka verður tillit til ísskriðs inn að miðju öskjunnar þegar gögn úr GPS tæki eru skoðuð.
- GPS mælingar við Vatnajökul sýna áframhaldandi hægar færslur í átt að Bárðarbungu, í samræmi við að kvika flæði enn undan bungunni.
- Við Tungnafellsjökul voru 2 skjálftar, báðir minni en M2,0 að stærð. Við Öskju og Herðubreið mældust á fjórða tug skjálfta og voru þeir allir minni en M2,0 að stærð.
- Loftgæði:
 - Í dag (þriðjudag) má búast við gasmengun suðvestur og vestur af Holuhrauni. Á morgun (miðvikudag) er líkleg að gasmengun dreifist norðvestur af eldstöðvunum.
 - Tvennskonar tveggja daga spár eru gerðar vegna mengunar frá eldgosinu. Annars vegar er um að ræða textaspá með kortum sem gerð eru af veðurfræðingi á vakt, sjá [Gas spá](#). Hins vegar er hægt að skoða sjálfvirkt [Gas líkan](#), en þetta er tilraunakeysla sem er í þróun og taka ber með [fyrirvara](#). Veðurstofan og Umhverfisstofnun biður fólk að [Skrá mengun](#), verði það hennar vart og þeim áhrifum sem það verður fyrir.
 - Hægt er að fylgjast með mælingum á loftgæðum á síðunni www.loftgaedi.is þar eru einnig aðgengileg gögn frá handmælum sem eru víða um land.
- Leiðbeiningar:



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



- Ef fólk finnur fyrir óþægindum er mælt með að halda sig innandyra, loka gluggum, auka kyndingu og slökkva á loftræstingu. Gott er að lofta vel út þegar loftgæði eru góð. Fólk sem finnur fyrir óþægindum er hvatt til þess að hafa samband við sína heilsugæslustöð. Tafla um viðbrögð við loftmengun hefur verið birt á vef Umhverfisstofnunar www.ust.is. Hægt er að fylgjast með mælingum á loftgæðum á síðunni www.loftgaedi.is Veðurstofan birtir textaspár á vef sínum og viðvaranir eftir því sem aðstæður breytast.
- Tilmæli og leiðbeiningar má finna hjá Umhverfisstofnun og Embætti landlæknis, m.a. töflu um [rétt viðbrögð](http://rett.viðbrögð).
- Veðurstofan birtir spár um útbreiðslu brennisteinstvíldis á vef sínum eins og greint er frá hér að ofan og þær eru einnig lesnar með veðurfregnum í útvarpi. Leitast er við að koma spánum til skila í sjónvarpsveðurfréttum.
- Umhverfisstofnun hefur dreift handmælum víða um land til að bæta upplýsingaöflun um dreifingu mengunarinnar og niðurstöðurnar má sjá bæði á vef hennar og Veðurstofunnar.
- Hægt er að senda inn fyrirspurnir og upplýsingar til Umhverfisstofnunar vegna loftmengunar á netfangið gos@ust.is Umhverfisstofnun óskar sérstaklega eftir upplýsingum frá fólki sem hefur orðið vart við mikla mengun; hvar það var statt, tímasetningu, lýsingu á gasmekki, eins og lit og skyggni, og lýsingu á áhrifum (sviði í augum o.s.frv.).
- Gosið hefur staðið yfir í bráðum hálf t. Verulega hefur dregið úr hraunflæði í Holuhrauni og hægt á sigráða öskju Bárðarbungu. Þrír möguleikar eru taldir líklegastir um framvinduna:
 - Gosið í Holuhrauni heldur áfram þar til öskjusig í Bárðarbungu hættir. Gosið gæti hætt á næstu vikum en ekki er hægt að útiloka að lítið gos geti haldið áfram í marga mánuði enn.
 - Gosvirkni færir til suðurs undir Dyngjujökul og veldur jökulhlaupum og gjóskufalli. Einnig er mögulegt að sprungur opnast annars staðar undir jöklinum. Ef slíkt gos yrði langvinnt gæti það breyst í hraungos.
 - Gos í öskju Bárðarbungu. Slíkt gos gæti brætt mikinn ís og valdið verulegu jökulhlaupi. Öskufall gæti orðið nokkurt.Ekki er hægt að útiloka aðrar sviðsmyndir.
- **Frá Veðurstofu Íslands:** Litakóði fyrir flug er áfram appelsínugulur fyrir Bárðarbungu.
- Næsti fundur Vísindamannaráðs verður föstudaginn 27. febrúar, 2015.

Ríkislögreglustjórnin almannavarnadeild www.almannavarnir.is www.avd.is Twitter: [@almannavarnir](https://twitter.com/almannavarnir)